

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi á lóð við Einhellu 6, Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 24. ágúst 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina við Einhellu 6. Í breytingunni felst að byggingarreitum á lóð er fækkað úr tveimur í einn. Hámarksbyggingarmagn verður 1.500 m<sup>2</sup> í stað 2.600 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir athafnasvæði á hluta lóðarinnar. Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulagsskilmála.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 25. september 2017.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Gunnþóra Guðmundsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. október 2017